



ÍSAN1GA05

Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2022

Íslenska sem annað tungumál - grunnáfangi

Kennari:	Sigprúður Harðardóttir
----------	-------------------------------

Áfangalýsing:

Grunnáfangi íslensku fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og/eða eru með erlendan bakgrunn. Áhersla lögð á alla þætti tungumálsins samkvæmt Evrópska tungumálarammanum (skilningur, talað mál, ritun) og sérstök áhersla lögð á að auka orðaforða. Viðfangsefni tengjast daglegu lífi og fjölbreyttar leiðir farnar til að ná markmiðum áfangans. Lesnir vera stuttir lestextar og sögur, hlustun, farið í einfalda ritun og kynningu á grunnþáttum íslenskrar málfræði.

Undanfari: Reiknað er með að nemendur hafi verið a.m.k. eitt ár í íslenskum grunnskóla.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem tengist daglegu lífi og athöfnum
- algengustu orðflokkum og einföldum beygingum
- hugtökum og heitum í nærumhverfi, andheitum og samheitum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa einfaldan texta með réttum framburði, áherslum og hrynjandi
- greina lykilatriði og innihald stuttra texta s.s. fréttar og smásagna
- beita einföldum málfræðireglum í talmáli og einfaldri ritun

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig munnlega og skriflega á einfaldri íslensku
- nota íslenskt mál í námi sínu og verkefnavinnu
- fara eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum

Námsefni:

- Verkefnablöð frá kennara
- Fréttir og blaðagreinar
- Námsefni af vef

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1.- 4. vika	6.- 30. janúar	<ul style="list-style-type: none"> Kynning. Unnið með tölur (raðtölur/ frumtölur), afmæli, klukkuna o.fl. Starfsheiti og atvinnulíf Hlustun, málfræði, lesskilningur, ritun 	Skilaverkefni á Innu metin til lokaekunnar. Verkefnahefti
5.- 8. vika	1.- 27. febrúar	<ul style="list-style-type: none"> Matur Líkami og heilsa Skóli og skólaorðaförði Hlustun, málfræði, lesskilningur, ritun 	Skilaverkefni á Innu metin til lokaekunnar Verkefnahefti
9.- 12. vika	28. febrúar- 27. mars	<ul style="list-style-type: none"> Dýr og plöntur Árstíðir og veðurfar Fjölskyldan og fjölskyldutengsl Landið mitt (skrifleg og munnleg kynning) Hlustun, málfræði, lesskilningur, ritun 	Skilaverkefni á Innu metin til lokaekunnar. Munnleg og skrifleg kynning: Landið mitt
13.- 16. vika	28. mars – 24. apríl	<ul style="list-style-type: none"> Íþróttir og tómstundir Tónist og kvikmyndir Föt og litir Hlustun, málfræði, lesskilningur, ritun 	Skilaverkefni á Innu metin til lokaekunnar Verkefnahefti
17. - 19. vika	25. apríl - 15. maí	Ekkert lokapróf en öllum verkefnum þarf að vera lokið með lágmarkseinkunn	

Sérreglur áfangans: Verkefni verða lögð fyrir úr öllum helstu námsþáttum og skal þeim skilað á INNU.

Námsmat (skilaverkefni):

Talað mál og hlustun: 25%

Lesskilningur: 25%

Ritun: 25%

Skilaverkefni *Landið mitt*: 15%

Ástundun, vinnusemi, vinnulag: 10%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Sigprúður Harðardóttir